

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur
um stefnu varðandi tannheilsu eldri borgara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra einhverja stefnu varðandi tannheilsu eldri borgara?

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var tannheilsa aldraðra eitt af forgangsmarkmiðum. Stefnan var sett á það markmið að yfir 50% fólks 65 ára og eldra hefði a.m.k. 20 tennur í biti. Um þriðjungur (30%) reyndist hafa 20 eða fleiri eigin tennur og 25% fólks 65–79 ára var með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi árið 2007 samkvæmt óbirtum niðurstöðum spurningakönnunarinnar Heilsa og líðan Íslendinga sem gerð var á vegum Lýðheilsustöðvar. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar má því ætla að markmið heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 vegna fólks 65 ára og eldri hafi ekki náðst að fullu.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í tannlæknakostnaði einstaklinga eldri en 67 ára. Endurgreitt er 100% af gjaldskrá SÍ vegna aldraðra sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum. Kostnaðarþátttaka SÍ er 75% af gjaldskrá SÍ vegna aldraðra sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins og 50% af gjaldskrá SÍ vegna aldraðra sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Gjaldskrá SÍ vegna tannlækninga var hækkuð um 50% fyrir börn í júlí sl. en því miður reyndist ekki unnt að hækka gjaldskrána fyrir aldraða eða öryrkja. Áherslan var lögð á börnin að þessu sinni í ljósi takmarkaðra fjármuna ríkisins.

Tannvernd eldri borgara er mikilvæg og hefur embætti landlæknis stóru hlutverki að gegna í fræðslu og forvörnum á því sviði. Sérstakur margmiðlunarfræðsludiskur um munnhirðu fólks með sérþarfir var gefinn út árið 2008 og hefur honum verið dreift endurgjalds-laust til stofnana og heilbrigðisstarfsfólks sem annast aldraða. Þetta er leiðarvísir fyrir heilbrigðisstarfsfólk um tannvernd skjólstæðinga þeirra sem þurfa aðstoð við tannhirðu. Myndböndin eru einnig aðgengileg á vefsíðu embættis landlæknis. Í aðgerðaráætlun embættis landlæknis 2012–2016 er gert ráð fyrir að unnið verði að því að skilgreina faglegar lágmarkskröfur fyrir tannvernd á dvalarheimilum ásamt því að aðlaga RAI-mælitækið að tannheilsu. Þar er starfandi faghópur sem vinnur að tillögum um bættu menntun umönnunar- og hjúkrunarstétta varðandi munnheilsu. Hópurinn telur mikilvægt að skoða samþættingu á grunnáföngum fyrir heilbrigðis- og félagsgreinar og hefur bent á nauðsyn þess að horft verði sérstaklega til áfanga um munnheilsu við endurskoðun námsskráa umönnunar- og heilbrigðisstétta. Einnig hefur hópurinn útbúið drög að námskeiðslýsingu á viðbótarnámi fyrir félagsliða, sjúkraliða og tanntækna svo auka megi þekkingu og færni þeirra sem liðsinna fötluðum og öldruðum við þrif tanna og tanngerva.

